


## Umsögn skipulagsfulltrúa- Skútuvogur 8

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. júlí 2024 var lagt fram erindi frá afgangslufundi byggingarfulltrúa frá 9. júlí 2024 þar sem sótt er um leyfi til að reisa tvö frístandandi 6,0 ferm. ljósaskilti í á lóðarmörkum með sljómagninu 200-250 Lux á lóð nr. 8 við Skútuvog.



Tölvugert útlit

## Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulaginu tilheyrir Skútuvogur 8 borgarhluta 4 Laugardalur og er á skilgreindu miðsvæði M9 – Sæbraut ofan Sundahafnar.

Um miðsvæði segir í aðalskipulagi:

Á miðsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunar og þjónustustarfsemi, stjórnarsýslu og skrifstofum en einnig íbúðum, einkum á efri hæðum bygginga. Miðsvæði þjóna ýmist öllu landinu, höfuðborgarsvæðinu öllu eða nokkrum íbúðarhverfum. Á miðsvæðum fer almennt fram fjölbreyttari starfsemi en rúmast á verslunar- og þjónustusvæðum (VP). Veitingastaðir í flokki I, II og III eru almennt heimilir, svo og gististaðir í flokki I–IV. Takmarkanir varðandi veitingastaði og gististaði eru tilgreindar í skilgreiningum fyrir einstök svæði. Í aðalskipulaginu eru miðsvæði borgarinnar flokkuð niður eftir stefnu um meginstarfsemi. Um hvert svæði gildir ákveðin stefnumörkun og grundvallast hún á mismunandi hlutverki þeirra og staðsetningu í borginni.

Í aðalskipulagi eru einni sérákvæði um svæði M9:

Einkum gert ráð fyrir rýmifrekri verslun, heildsölu, þjónustu og léttum iðnaði. Nýjar matvöruverslanir eru ekki heimilar. Íbúðir, hótél og gistiheimili eru ekki heimil. Ef ákveðið er að breyta aðalskipulagi vegna nýrrar matvöruverslunar skal meta áhrif hennar á matvöruverslun í nærliggjandi íbúðarhverfum og gera grein fyrir í deiliskipulagi. Sjá nánar stefnu um matvöruverslanir í kafla 19.5.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu og þarf því að grenndarkynna allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.

## Umsögn

Sótt er um byggingarleyfi til þess að fá að koma fyrir tveim frístandandi skiltum, 6 m<sup>2</sup> ljósaskiltum á lóðarmörkum Skútuvogs 8 og Reykjavíkurborgar með sljómagninu 200-250 Lux.

Í gildi er samþykkt um skilti í Reykjavík en í henni segir:


Stafræn skilti með ljósmyndum, kyrrum auglýsingum sem skiptast á (þjónustuskilti og auglýsingaskilti) eru heimiluð, en skulu fylgja almennum ákvæðum um birtustig og hreyfingu.

Hámarksstærð 0,5m<sup>2</sup>.


Óskað var eftir umsögn samgöngustjóra Reykjavíkur vegna málsins en í henni segir.

Umsögn samgöngustjóra dags. 15. ágúst 2024

Staðsetningin og útfærslan á tillögu að skiltum er mjög óhentug upp á sjónlengdir að gera. Í samræmi við hönnunarleiðbeiningar fyrir hjól þyrfti bílstjóri sem er 3 metrum frá gangstétt að sjá að lágmarki 30 metra inn stéttina í sitt hvora átt. Þá þarf að sjást 44 metra inn götuna frá sama punkti. Mér sýnist mögulega hægt að koma skiltunum fyrir ef fyrirkomulag bílastæða verði í samræmi við gildandi deiliskipulag fyrir lóðina, en til að sýna fram á það þarf að teikna upp sjónlengdarþríhyrninga. Einnig væri hægt að hafa neðstu 1500 mm af skiltunum þannig að það byrgi ekki sýn, svo skiltin væru í raun á „stultum“. Það gerir það þó ekki að verkum að 1 m frá gangstétt sé nóg fjarlægð, skoða þarf það sérstaklega m.t.t. þeirra stoða sem gerðar yrðu.



**MYND 32** Sýn á mótum stígs og hliðargötu. Innan svæðisins sem markast af punktalínunum ætti ekkert að hindra útsýni hjólréiðamanns og ökumanns.



**MYND 33** Stöðvunarsjónlengd sem fall af hönnunarhraða. Hönnunarhraði er háður gerð hjólaleiðar og halla.

Niðurstaða

- tekið er neikvætt í erindið þar sem stærð skilta samræmist ekki samþykkt um skilti í Reykjavík né hönnunarleiðbeiningum fyrir hjól.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur,  
Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar, verkefnastjóri